

Fyrirspurn Garðabæjarlistans um upplýsingar um niðurgreidda leigubílaakstursþjónustu eldri borgara.

Svör við fyrirspurn:

Garðabær hefur um árabíl veitt eldri borgurum í Garðabæ akstursþjónustu í ákveðnum tilvikum. Akstursþjónusta við eldri borgara er ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga.

Upplýsingar um þjónustuna geta eldri borgarar nálgast hjá þjónustuveri Garðabæjar og hjá starfsmönnum stuðningsþjónustu Garðabæjar í Ísafold. Á þeim stöðum er einnig hægt að sækja um þjónustuna rafrænt/skriflega á þar til gerðum eyðublöðum.

Skilyrði fyrir niðurgreiddri leigubílaakstursþjónustu eldri borgara eru að viðkomandi þurfi að sækja lækniþjónustu, þjálfun eða endurhæfingu, hafi ekki aðgang að eigin bifreið og geti ekki nýtt sér þjónustu almenningsvagna eða akstursþjónustu Strætó bs.

Það er Hreyfill sem sinnir þessari þjónustu í dag.

Á árinu 2018 nýttu sér þjónustuna 61 aldraður einstaklingur og var kostnaður u.þ.b. 10 mkr. á árinu. Greiðslur þjónustuþega hafa fram að þessu verið sem svarar hálfu strætisvagnafargjaldi sem er sama gjald og fatlaðir einstaklingar greiða í akstursþjónustunni.

Garðabær 17.janúar 2020

Bergljót Sigurbjörnsdóttir, sviðstjóri